

um framkvæmdasjóð aldraðra.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð til að stuðla að byggingu húsnæðis og dvalarstofnana fyrir aldraða. Sjóðurinn skal bera heitið Framkvæmdasjóður aldraðra.

2. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Leggja skal 100 kr. á hvern skattskyldan einstakling, í fyrsta sinn á árinu 1981. Ónýttur persónuafsláttur skv. ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt gangi til greiðslu á þessu sérstaka gjaldi. Gjaldið skal innheimt með tekjuskatti og eignarskatti og breytist með skattvísitölu ár hvert samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Ákvæði þetta skal endurskoða að fimm árum liðnum frá gildistöku laganna.
2. Beint framlag ríkissjóðs eftir ákvörðun við gerð fjárlaga hverju sinni.
3. Inneign í Byggingarsjóði aldraðs fólks skv. lögum nr. 49/1963.
4. Frjáls framlög og aðrar tekjur er til kunna að falla.
5. Vaxtatekjur.

3. gr.

Dvalarstofnanir fyrir aldraða skv. lögum þessum eru:

- a) Hjúkrunarheimili til langdvalar og/eða dagvist fyrir aldraða.
- b) Sjúkradeildir með aðstöðu fyrir öldrunarlækningar og göngudeildir, hannaðar á hliðstæðan hátt og almennar sjúkradeildir.
- c) Íbúðir, sérhannaðar fyrir þarfir aldraðra, byggðar á félagslegum grundvelli.
- d) Dvalarheimili aldraðra með íbúðarherbergjum og snyrtingu ásamt aðstöðu fyrir tómtunda- og félagsstarfsemi fyrir vistmenn.

4. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins.

Ráðherra skipar 3 manna stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Stjórnin skal skipuð einum manni eftir tilnefningu Öldrunarfræðafélags Íslands, einum frá félagsmálaráðuneytinu, eftir tilnefningu Sambands isl. sveitarfélaga, og einum frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar úr hópi stjórnarmanna.

Stjórnin skal gera tillögur um úthlutanir úr sjóðnum.

5. gr.

Hlutverk sjóðsins er:

1. að fjármagna byggingar ríkisins vegna stofnana fyrir aldraða, sbr. 3. gr. staflíði a) og b),
2. að veita sveitarfélögum og öðrum framlög til að kaupa eða byggja húsnæði fyrir aldraða skv. 3. gr. staflíðum c) og d).

Ráðherra setur nánari ákvæði um sjóðinn í reglugerð.

Ráðherra gerir í samráði við fjárveitinganefnd og stjórn sjóðsins áætlun til 5 ára í senn um framkvæmdir skv. 1. gr.

Um framkvæmdir skv. þessari grein fer skv. lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, eftir því sem við á.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt til afgreiðslu á nokkrum efnisatriðum í frumvarpi til laga um heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða, sem verið hefur til umfjöllunar í heilbrigðis- og trygginganefnd. Nefndin telur ekki unnt að afgreiða það frumvarp á þessu þingi, sbr. nefndarálit á þskj. 966 um það mál.